



Reglur Kópavogsbæjar um greiðslu kennslukostnaðar vegna tónlistarnáms í tónlistarskólum utan sveitarfélags.

Umsóknarfrestur

Sækja þarf um að Kópavogsbær greiði kennslukostnað vegna tónlistarnáms utan sveitarfélags til menntasviðs Kópavogsbæjar fyrir 1. ágúst ár hvert.

Í umsókn þarf að koma fram rökstuðningur fyrir því að óskað er eftir að stunda tónlistarnám annars staðar en við tónlistarskóla í Kópavogi. Einnig þarf að skila staðfestingu á námsárangri.

1. kafli

Almennar forsendur

Kópavogsbær stefnir að því að almennt tónlistarnám samkvæmt námskrá um tónlistarskóla fari fram í sveitarfélaginu.

Nemendum sem flytja lögheimili til Kópavogs og hafa stundað tónlistarnám í fyrra sveitarfélagi er bent á að sækja um í tónlistarskólum í Kópavogi.

1. Kópavogsbær greiðir kennslukostnað í tónlistarskóla utan sveitarfélags fyrir nemendur í fornámi, grunnnámi og miðnámi á hljóðfæri í hámark 10 ár. Nám getur þá hafist í fyrsta lagi við 5 ára aldur og ekki er greitt fyrir nemendur sem eru eldri en við 18 ára.
2. Greitt er fyrir fornám og grunnnámi í söng í hámark 5 ár. Söngnám getur þá hafist í fyrsta lagi við 10 ára aldur og ekki er greitt fyrir nemendur sem eru eldri en 26 ára.
3. Greitt er fyrir nám á eitt hljóðfæri ef aðstæður nemenda eru eftirfarandi:
 - a) Nemendur sem hafa stundað nám við tónlistarskóla í Kópavogi og námið er sérhæfðara en það sem boðið er í tónlistarskólum í Kópavogi eða er framhald af fyrra námi.
 - b) Námið er ekki í boði í tónlistarskólum í Kópavogi og menntasvið Kópavogsbæjar metur hagkvæmt að það fari fram í lista- og/eða tónlistarskóla utan sveitarfélagsins.
 - c) Nemendur í miðnámi í hljóðfæraleyk sem flytja í Kópavog og halda námi sínu áfram við viðkomandi skóla utan sveitarfélags að uppfylltum skilyrðum sbr. 2. kafla.
 - d) Nemendur í grunnnámi sem flytja í Kópavog en fá ekki inngöngu í tónlistarskóla í Kópavogi eða ekki er boðið upp á tónlistarnámið í sveitarfélaginu.
4. Menntasvið Kópavogsbæjar fer með umboð Kópavogsbæjar gagnvart öðrum sveitarfélögum vegna greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum utan sveitarfélags og sér um afgreiðslu umsókna. Greitt er samkvæmt gjaldskrá tónlistarskólanna.



5. Kópavogsbær áskilur sér rétt til að takmarka fjölda nemenda sem greitt er fyrir í tónlistarskólum utan sveitarfélagsins til samræmis við svigrúm í fjárhagsáætlun.
6. Flytji nemandi í tónlistarskóla lögheimili sitt í annað sveitarfélag á skólaárinu þá falla greiðslur Kópavogsbær niður.
7. Kópavogsbær greiðir ekki kennslukostnað nemenda sem eru í miðnámi, framhaldsnámi og háskolanámi í söng eða í framhaldsnámi og námi á háskólastigi á hljóðfæri.
8. Þegar fjallað er um aldursviðmið, hámarksaldur nemenda, í reglum þessum er miðað við árið sem nemandi nær tilteknum aldri.

2. kafli

Námsástundun og framvinda

1. Umsækjandi þarf að hafa staðist inntökuskilyrði í viðkomandi tónlistarskóla og geta framvísað staðfestingu þess frá skólanum.
2. Námsástundun umsækjanda þarf að vera yfir 80%.
3. Námsárangur þarf að vera fullnægjandi í samræmi við skilgreiningar viðkomandi tónlistarskóla um lágmarkseinkunnir. Nemandi á að skila með umsókn á hverju ári afrit af námsvottorði síðasta skólaárs, ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Gerð er sú lágmarkskrafa að nemandi færist á næsta ár í náminu.
4. Ef umbeðin gögn fylgja ekki umsókn áskilur Kópavogsbær sér rétt til þess að hafna umsókninni.

Bráðabirgðaákvæði

Nemendur sem hófu nám á hljóðfæri fyrir námsárið 2022 – 2023 og eru með eðlilega námsframvindu verður heimilt að ljúka sínu miðnámi fram til 23 ára aldurs.

Nemendur sem hófu grunnnám í söng fyrir skólaárið 2022 – 2023 verður heimilt að ljúka sínu grunnnámi fram til 28 ára aldurs. Ekki er tekið við nýjum umsóknum nemanda á hljóðfæri sem eru eldri en 18 ára.

Ekki er tekið við nýjum umsóknum nemanda í söng sem eru eldri en 26 ára.

Bráðabirgðaákvæði þetta fellur úr gildi vorið 2027.

Reglur þessar voru samþykktar í menntaráði 4. júní 2024 og taka gildi 1.júlí 2024